

KONUNGLEG AUGLÝSING

3
30. jan.

um

að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þar eð Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vér samkvæmt 1. gr. laga 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn þegar svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjarverandi, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra sambandslaga, að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sé falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vér hér með Vorum kæru og trúu þegnum, að sonur Vor elskulegur, hans konunglega tign krónprins Christian *Frederik* Franz Michael Carl Valdimar Georg, tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þang- að til Vér komum heim aftur.

Gjört á Amaliuborg, 30. janúar 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.